



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 25.11.2021

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 24. nóvember 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Eiðsgrandi - Ánanaust

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir áningastað við Sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færast lega núverandi göngu- og hjólastígs lítillaga, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta, dags. 5. nóvember 2021.


*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Ísað til borgarráðs.*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er jákvætt skref um áningarstað og bætt aðgengi fólks að vesturströndinni, en tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þess efnis var lögð fram 12. maí 2021. Umsögn skipulagsfulltrúa frá 21. Maí 2021 er jákvæð og segir þar að ekkert sé til fyrirstöðu að aðgengi verði bætt og gera þennan nýja áningarstað enn meira spennandi. Mikilvægt er að halda áfram með þessa vinnu og bæta aðgengi niður fyrir varnargarðinn, en þar er hægt að njóta útsýnis og sólseturs í Vesturbænum með góðri hljóðvist í skjóli fyrir umferð.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs




Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. dags. 5. nóvember 2021.

EIÐSGRANDI - ÁNANAUST



STRANDGARÐUR

BREYTING Á DEILISKIPULAGI




NÚVERANDI ÁSTAND, skýringarmynd

Mkv. 1:250




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI, skýringarmynd

Mkv. 1:250



SKÝRINGARMYND



SNEIDING A - A

Mkv. 1:150

- SKÝRINGAR
- Mörk skipulagssvæðis
 - Mörk deiliskipulagsbreytinga
 - Lóðarmörk
 - Núv. varnargarður
 - Nýr/viðbótar varnargarður
 - Göngustígur (3m) - að mestu "1 stæði" núv. stígs
 - Nýr hjólréiðastígur (2.5m)
 - Gróðuruppbygging/sjálfbærni
 - Nýr áningastaðir
 - Fornminjar
 - Núv. grjótlager (verður fjarlægður)

Strandlengjan meðfram Eiðsgranda Ánanaust nýtur sívaxandi vinsælda borgarbúa og löngu sannað gildi sitt sem mikilvægt og einstakt útivistarsvæði.

Eitt af **meginmarkmiðum** gildandi deiliskipulags, er „*að bæta möguleika til útivistar og áninga allt árið um kring*“. Sem hluti af þeirri sýn er gerð tillaga að nýjum áningastað/útsýnisstað vestan megi Hringbrautar, sem mun styrkja verulega innviði svæðisins í heild sinni.



Endurbýgging sjóvarnargarðsins frá dælustöðinni við Eiðsvík í vestri að hringtorgi Hringbrautar og Ánanausta, í austri, hafa skapað kjöraðstæður fyrir byggingu áningastaðar á þessum hluta strandleiðarinnar.

Tilgangur deiliskipulags breytingarinnar er að móta heildstætt skipulag fyrir áningar- og útsýnisstað sem miðar að því að draga fram sérstöðu svæðisins en gefa um leið einstaka upplifun í nálægð við náttúruöflin.

Áhersla er lögð á öryggi og gott aðgengi fyrir alla.

- Áningastaðurinn - sem er sporöskjulaga í lögun – liggur við sjóvarnargarðinn þar sem hann er hvað hæstur og myndar eina heild með honum. Gert er ráð fyrir að hann verði um metir hærri en aðliggjandi land. Aðgengi er tryggt fyrir alla; annars vegar um tröppur og hins vegar eftir skábraut með handlistum og viðeigandi hvíldarpöllum.
- Gert er ráð fyrir að núverandi göngu- og hjólastígur færist lítillega til og aðlagist áningastaðnum.
- Lögð er áhersla á vistvæn efni, sem falla vel að staðhættum og veðrast vel, en eru jafnframt hagkvæm í viðhaldi. Nánar verður gerð grein fyrir útfærslu áningastaðarins og efnisvali í hönnun.

Að öðru leiti standa ákvæði gildandi deiliskipulags frá 16.03.2017



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í

þann ____ 20____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 20____

Dags: 5. nóvember 2021
Mkv: 1:2000/250/150

hornsteinar
arkitektar ehf

vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is